



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Leikfélag Reykjavíkur / Borgarleikhús  
Reykjavík, 12. nóvember 2012

### **Athugasemd við drög að frumvarpi til Sviðslistalaga (Þingskjal 202 – 199.mál) frá Leikfélagi Reykjavíkur / Borgarleikhúsi**

Stjórn og stjórnendur Leikfélags Reykjavíkur (LR), Borgarleikhúsi vilja með bréfi þessu koma eftirfarandi á framfæri vegna undirbúnings frumvarps til sviðslistalaga.

Saga LR spannar nær 115 ár, allt frá stofnun félagsins í Iðnó. Bróðurpart síðustu aldar var menningarstarfsemi í Iðnó miðpunktur menningarlífs höfuðborgarinnar. Árið 1989 flutti LR í Borgarleikhúsið þar sem það hefur staðið fyrir fjölbreyttri og metnaðarfullri leikhússtarfsemi æ síðan. Borgarleikhúsið er aðsóknarmesta leikhús landsins, býður upp á 26 leiksýningar á þessu leikári, þar af 14 íslensk verk. Fyrir utan umfangsmikla starfsemi hérlendis hefur leikhúsið aukið erlent samstarf á undanförunum árum og nú er svo komið að leikferðir erlendis eru orðnar reglulegur hluti af starfsemi leikhússins.

LR stendur fyrir leiklistarstarfsemi í Borgarleikhúsinu á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg. Stærstan hluta sögu leikhússins hefur fjármögnun þess verið að hluta frá Reykjavíkurborg og að hluta frá menntamálaráðuneyti, auk sjálfsaflafjár. Hlutfall sjálfsaflafjár LR er með því hæsta sem þekkist í samanburðarleikhúsum hérlendis og erlendis. LR hefur fengið framlag frá fjárlaganefnd á undanförunum árum og viðræður hafa verið í gangi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fastan samning til lengri tíma.

Með hliðsjón af framsögðu hlýtur að teljast eðlilegt að getið sé um starfsemi Borgarleikhússins og LR í nýju frumvarpi til sviðslistalaga. Markmið laganna er eins og segir í 1. gr. "...að efla íslenskar sviðslistir... og markmiðið er að skapa þar ramma um stuðning ríkisins við sviðslistir í landinu". Í lögunum eru sérstakir kaflar um Þjóðleikhús og Íslenska dansflokkinn en einnig er komin inn sér grein um Óperustarfsemi sem augljóslega er sniðinn að Íslensku óperunni. Með sama hætti væri eðlilegt að sérstök grein gæfi ráðherra heimild að gera samninga við rótgróin atvinnuleikhús s.s. Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar. Slík grein hefur verið í fyrri leiklistarlögum og það væri óheillaskref að taka þá grein út eða fella hana undir aðra liði laganna.


Í núverandi frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir starfsemi sviðslistaráðs sem úthlutar styrkjum úr Sviðslistasjóði. Sjóðurinn er fyrst og fremst hugsaður fyrir sjálfstæða hópa þar sem þeir geta sótt um styrki fyrir einstaka uppsetningar eða tímabundna samninga. Gert er ráð fyrir að atvinnuleikhús, s.s. LR geti einnig sótt um rekstrarstyrki í þennan sama sjóð. Vegna þess hve starfsemi stærsta atvinnuleikhúss landsins, LR í Borgarleikhúsi, er ólík starfsemi lítilla sjálfstæðra leikhópa, hlýtur að teljast afar óheppilegt að þessir ólíku aðilar sæki fé í sama pottinn. Slíkt er dæmt til að skapa togstreitu og ójafnvægi. Því er mikilvægt að þessum liðum sé haldið aðskildum í ólíkum greinum.

Við leggjum til að sér grein verði bætt inn í Sviðslistalögin, sem taki á starfsemi rótgrónna atvinnuleikhúsa. Hún sé með svipuðu sniði og grein um reglubundna óperustarfsemi, og byggir einnig á grunnni greinar í fyrri lögum um slíka samninga. Greinin getur verið með eftirfarandi hætti:


*Heimilt er mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss, s.s. Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar um fjárstuðning við leikhúsin. Slíkir samningar geta verið með eða án þátttöku hlutaðeigandi sveitarfélaga.*

Aukinheldur telur LR að mikilvægt sé að SAVÍST, Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist, komi að tilnefningum í sviðslistaráð sem er stjórnvöldum til ráðgjafar í málefnum sviðslista í landinu.


Reykjavík 12. nóvember 2012  
f.h. stjórnar Leikfélags Reykjavíkur



Inga Jóna Þórðardóttir, stjórnarformaður LR



Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LR/Borgarleikhúss



Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri LR/Borgarleikhúss